

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1985

8. janúar 1985

1

Nr. 1

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 28. janúar 1985, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 8. janúar 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

14. febrúar 1985

Nr. 2

LÖG

um eftirlaun til aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: að ég samkvæmt 10. gr. laga nr. 117/31. desember 1984, um breyting á lögum nr. 97/24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 52/1981 og lög nr. 92/1982, hefi látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga ásamt áorðnum breytingum inn í lög nr. 97/1979 og gef þau út svo breytt.

I. KAFLI

Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem ákveðið er í þessum kafla. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1973 um atvinnuleysisstryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduáðild að lífeyrissjóði.